

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkurkaup- 178
staðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög 9. okt.
nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og
birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 9. október 1951.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Hallgrímur Dalberg.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Sigríðar Lárettu 179
Pétursdóttur og Steinunnar Stefaníu Einarsdóttur“, útgefin á venjulegan hátt ad 10. okt.
mandatum af dómsmálaráðherra 10. okt. 1951.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs Sigríðar Lárettu Pétursdóttur og Steinunnar
Stefaníu Einarsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með gjafabréfi Einars J. Pálssonar, trésmíðameistara í
Reykjavík, dags. 21. janúar 1927, til minningar um eiginkonu hans og dóttur. Stofn-
fé sjóðsins var kr. 1000.00. Var fjárhæð þessi ávöxtuð í Landsbanka Íslands, unz
hún hinn 29. maí 1947 nam kr. 2121.13, en þá var hún lögð í Söfnunarsjóð Íslands
til ávöxtunar, og nam hún hinn 1. marz 1951 kr. 2511.77.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fátæka sjúklinga í Landsspítala Íslands.

3. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands eða öðrum tryggum stað. Fyrstu
100 árin frá stofnun sjóðsins, eða til ársins 2027, skal leggja alla vexti við höfuð-
stólinn. Næstu 100 ár má verja $\frac{1}{4}$ hluta árlegra vaxta samkvæmt tilgangi sjóðsins,
en eftir það helmingi vaxtanna í sama skyni.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa landlæknir ásamt tveim öðrum, er ríkisstjórn Íslands
skipar, og sé annar lögfræðingur, en hinn einn af dómkirkjuprestum Reykjavíkur.

5. gr.

Reikningshald sjóðsins og skjöl annast í umboði sjóðstjórnarinnar skrifstofa
ríkisspítalanna eða sú stofnun, er kemur í hennar stað. Reikningsár sjóðsins er
almanaksárið, og skal birta reikningana í Stjórnartíðindum eða á öðrum viðeigandi
stað.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta á skipulagsskrá þessari.